

AUGLÝSING

um niðurfelling aðflutningsgjalda af nokkrum vörutegundum.

Samkvæmt heimild í lögum frá 13. des. 1962 um bráðabirgðabreyting og fram-
lenging nokkurra laga, hefur ríkisstjórnin ákveðið, að á árinu 1963 skuli fella
niður verðtoll af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.

Enn fremur hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður verðtoll og vörumagns-
toll af kaffi, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár, og sykri, sem telst til nr. 1—6
í 17. kafla tollskrár.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 13. des. 1962 og innheimta
á árinu 1963 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum, og
leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr.
60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680%
álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti sam-
kvæmt 1. tölulið 3. kafla með 50% álagi.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta,
sem um ræðir hér að framan, en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa,
skal sleppt.

Fjármálaráðuneytið, 24. desember 1962.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.